



Aðalfundur Golfklúbbs Ísafjarðar 2025

Haldinn á kaffistofu Ístækni Sindragötu 5 Ísafirði, fimmtudaginn 27. nóvember 2025 kl 20:00
Mættir voru 19 félagar ásamt fráfarandi stjórn. Formaður bauð fundargesti velkomna og stakk upp á Guðna Guðnasyni sem fundarstjóra og Jónu Hólmsbergsdóttur fundaritari, þau voru samþykkt Fundarstjóri tók við stjórn fundarins. Fundarstjóri fékk staðfestingu frá fundargestum að fundurinn hafi verið löglega boðaður og að ársskýrsla og ársreikningar væru nú þegar aðgengilegar á heimasíðu klúbbsins og gekk því næst til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður kynnti skýrslu stjórnar og sagði m.a frá að skipt hafi verið um borð og stóla í sal klúbbhúsins og breytingum á inniaðstöðu klúbbsins í húsnæðinu á Mávagarði og að sótt hafi verið um Uppbyggingarstyrk fyrir m.a vinnuvél á golfvöllinn. Eftir upplestur ársskýrslunnar kom fram athugasemd að í skýrslunni hafi ekki komið fram að klúbburinn hafi sent sveit í Íslandsmót 3 deildar. Formaður svaraði því til að þetta væru hans mistök við gerð skýrslunnar. Þegar kom að liðnum í skýrslunni um mótamál tók Guðni Guðnason formaður mótanefndar við og kynnti Skálameistara Golfklúbbs Ísafjarðar 2025

Skálameistari kvenna er Sólveig Pálsdóttir og var henni veittur bikar.
Skálameistari karla er Pétur Arnar Kristjánsson og var hinum veittur bikar.
Hólmeistari er Viktor Páll Magnússon og fær bikar við fyrsta tækifæri.

2. Ársreikningur 2025 lagður fram til samþykktar.

Gjaldkeri Þorvaldur Óli Ragnarsson fór yfir ársreikning.
Spurningar komu fram, sem gjaldkeri svaraði.
Fundarstjóri bar upp ársreikninginn til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. Ákvörðun um árgjöld næsta árs.

Stjórnin bar upp tillögu um óbreitt gjald .

Fundarstjóri bar upp tillögunu og var hún samþykkt.

4. Fjárhagsáætlun 2026

Rekstrarliðir	Áætlun 2025-2026	Raun 2024-2025
Tekjur :		
Félagsgjöld	7.500.000	7.570.000
Framlög og styrkir	6.000.000	6.773.732
Tekjur af mótum	1.750.000	1.923.000
Auglýsingatekjur	2.450.000	2.450.000
Húsa- og vallarleigutekjur	5.500.000	6.528.830
Aðrar tekjur	4.250.000	5.298.514
Samtals tekjur	27.450.000	30.544.076
Gjöld:		
Kostnaður vegna keppnisferða	500.000	526.455
Rekstur mannvirkja, véla og tækja	8.500.000	7.377.959
Laun, verktakagreiðslur og tengd gjöld	10.000.000	6.839.536
Kostnaður vegna mótahalds	150.000	126.381
Reksturs skrifstofu	2.800.000	2.542.843
Golfkennsla		0
Barna- og unglíngastarf	500.000	0
Samkeppnisrekstur	2.100.000	2.607.920
Ófyrirséð	2.000.000	
Samtals Gjöld	26.550.000	20.021.094
Rekstrarniðurstaða	900.000	10.522.982

Fjárfestingar	Áætlun 2024-2025	
Viðhald vallar, skála og bílastæðis	4.000.000	2.177.396
Kaup og viðhald áhalda og tækja	8.000.000	
Vökvunarbúnaður		
Gatari með Bolvikingum		
Styrkur á móti fjárfestingum	-5.000.000	
Samtals Fjárfestingar	7.000.000	2.177.396

Yfirlit yfir sjóðstreymi	Áætlun 2024-2025	Raun 2024-2025
Sjóðsstaða í upphafi árs	22.421.888	14.987.854
Rekstrarafkoma	900.000	
Fjármagnstekjur	500.000	
Fjárfestingar	-7.000.000	
Sjóðsstaða í lok tímabils	16.821.888	22.421.888

5.

Kostning stjórnar og skoðunarmanna.

Fundarstjóri sagði fundinum frá því að allir fráfaramenn stjórnarmenn kæfu kost á sér áfram til stjórnarsetu.

Aðalstjórn kostnir til tveggja ára.(kosin á aðalfundi)

Kristján Elías Ásgeirsson

Daníel Jakobsson

Þorvaldur Óli Ragnarsson.

Aðalstjórn seinna ár

Neil Shiran Þórisson.

Guðni Ólafur Guðnason.

Hákon Dagur Guðjónsson.

Eru á sínu seinna ári og sitja áfram í stjórn.

Varastjórn til eins árs (kosin á aðalfundi)

Soffía Þóra Einarsdóttir.

Elías Ari Guðjónsson.

Freygerður Ólafsdóttir.

Voru tillögurnar bornar upp til samþykkis,samþykktar með lófaklappi.

Borin var upp tillaga um formann.

Formaður Guðjón Helgi Ólafsson.

Tillagan samþykkt með lófaklappi.

Borin var upp tillaga um skoðunarmenn reikninga.

Jens Andrés Guðmundsson.

Ásgerður Þorleifsdóttir.

Tillagan var samþykkt.

6. Lagabreitingar

Engar lagabreitingar lágu fyrir fundinum.

7. Önnur mál.

Formaður þakkaði fyrir það traust sem honum væri sýnt með kostningu hans til formanns og sagði frá og sýndi mynd af mögulegri nýrri vinnuvél á völlinn en það er vél frá Toro sem er með sturtanlegum palli sem mun auðvelda störf á vellinum og sagði jafnframt frá gangi framkvæmda við nýja teiga fyrir 8. braut .

Spurningar vöknudu um hvort möguleiki væri að finna nýtt stæði fyrir æfingarvöll fyrir klúbbinn þar sem hyllir undir að núverandi völlur verði tekinn undir íbúabyggð.

Formaður svaraði því til að ekkert samtal hafi verið gert við Ísafjarðarbæ hvort möguleiki væri á nýju stæði fyrir æfingarvöll.

Fyrirspurn kom fram um hvort ekki væri hægt að bæta við gróðri á völlinn og gera hann skemmtilegri ásýndar með því og í leiðinni skylja að brautir með gróðri.

Formaður vallarnefndar sagði frá því að þetta hafi komið til tals og væri í athugun, jafnframt hvatti hann félagsmenn að koma með tillögur að því.

Einnig talaði hann um að klúbburinn þyrfti að kaupa verkfæri t.d torfskurðarvél m.a Einnig sköpuðust umræður um flatir þær væru farnar að siga og þyrfti að gera átak til að laga þær. Bent var á hvort ekki væri rétt að fara með nýjum meðlimum um völlinn t.d til að sína þeim hvernig ætti að gera við boltaför á flötum og laga kylfuför á brautum. Fram kom ábending um að setja tölvu fyrir golfhermi í kassa til að varna því að ryk kæmist ekki í hana ,viðkomandi hafi tekið sig til og ryksugað ryk úr henni sem var orðið umtalsvert, sagði jafnframt að kaupa mætti ryksugu til að hafa til staðar til þrifa. Spurning kom fram um aðgang að inniaðstöðinni hvernig ætti að bera sig að og einnig varðandi greiðslur í herminn.

Formaður sagði frá að vonast væri til að flestir myndu kaupa sér árgjald í herminn, erfitt væri að fylgjast með hverjir borguðu í herminn og sagði að skilningur væri á því að allir væru ekki tilbúnir að borga árgjald færðu ekki oft í herminn en vildu hafa tækifæri til þess.

Fundarstjóri þakkaði umræður og formaður þakkaði fundarmönnum fyrir fundinn og sleit aðalfundi kl.21.55

Fundaritun

Jóna Hólmsbergsdóttir.